



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Miðborg

2025– 2026



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025	5
3	Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026.....	6
4	Innra mat deilda 2024-2025	7
4.1	Skeljadeild.....	7
4.2	Hæð (áður Regnbogaland)	7
4.3	Kuðungadeild	8
4.4	Holt (áður Krílakot)	9
4.5	Klökk	10
4.6	Krossfiskadeild	10
5	Innra mat sérkennslu.....	11
5.1	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	12
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.	13
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöva.....	13
8	Foreldrasamvinna	14
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
10	Fylgiskjöl	17





1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólinn opnaði af fullum krafti eftir sumarfrí 2024. Starfsemi Miðborgar var áfram í tveimur húsum, Lindarborg þar sem 54 börn dvöldu og Barónsborg þar sem 32 börn dvöldu. Í október opnaði Vörðuborg með pompi og prakt og fluttust tvær deildir, Regnbogaland og Krílakot upp í Vörðuborg og Barónsborg fór í viðhald. Skipt var um alla glugga á framhlið hússins, eldhúsið var gert upp og skipt var um bárujárn að utan. Einnig opnaði þriðja deildin í Vörðuborg á sama tíma. Ákveðið var að taka gömlu deildarnöfn Njálshöfð og nota í Vörðuborg. Heita deildir hússins því Holt, Klöpp, Hæð, Tún og Mýri. Eftir áramót tók leikskólinn Klambrar tímabundið við rekstri Barónsborgar og mun leikskólinn Hagaborg taka við starfsemi þar í haust sem og á einni deild í Vörðuborg. Hljóðvist var löguð í Lindarborg en nú hefur verið skipt um hljóðvistarplötur á öllum deildum hússins. Einnig var vinnuaðstaða í eldhúsi Lindarborgar löguð á haustmánuðum. Um 101 barn voru í vistun þetta skólaár og mun fjölga í hópnum okkar í haust um 14 börn og munu því 115 börn hafa vistun í Miðborg skólaárið 2025-26.

Um haustið kom námskrá Miðborgar formlega út og hægt er að nálgast hana á vefsíðu Miðborgar. Þann 20. september var haldin ráðstefna fyrir allt starfsfólk Miðborgar sem og annara skóla sem taka þátt í innleiðingaferli verkefnis sem nú hefur fengið nafnið Heillaspor (áður Nurture).

Innleiðingateymi Heillaspora tók til starfa og situr fulltrúi frá hverri deild Miðborgar í því. Í maí fór innleiðingateymið á Heillasporanámskeið sem var frábær upprifjun og lærdómur inn í næsta skólaár. Tengslamyndun og samskipti eru í forgrunni hjá okkur þegar kemur að aðlögun barna í Miðborg og heldur sú áhersla áfram inn í skólaárið sem framundan er. Einnig leggja allar deildir áherslu á mikilvægi málörvunar og eru fastar söngstundir, Lubbastundir, lestur á hverjum degi og lögð er áhersla á að starfsfólk setji orð á allar athafnir barna og séu með eða við leik þeirra til að auðga íslenska tungumálið. Leikurinn er helsta námsleið barnanna í Miðborg og erum við mjög stolt af hve mikið rými hann fær í dagskipulagi deilda. Við vinnum eftir hugmyndafræði Mihaly Csikszentmihalyi um jákvæða sálfræði og flæði og rýmar það mjög vel við frjálsa leikinn og Heillaspor.

Nokkrir nemar frá HÍ voru í Miðborg á skólaárinu. Auk þess sem nemar frá vinnuskóla Reykjavíkur yfir sumartímann. Miðborg var í samstarfi við Tækniskólann, þaðan komu nokkrir nemar sem voru í íslenskunámi (Miðbærinn okkar-innigilding nýrra Íslendinga). Og dvöldu í nokkrar klukkustundir í viku um tímabil.

Foreldrasamstarf hefur gengið frábærlega og eru foreldrar/forráðafólk í Miðborg mjög dugleg að mæta á þá viðburði sem leikskólinn heldur. Við bjóðum foreldrum að koma og taka þátt í allskyns athöfnum með börnunum sínum tvo seinniparta á önn eins og að skreyta piparkökur, kíkja í





síðdegishressingu, vinnustöðvar með bók barnsins og söngstund. Deildarstjórar bjóða upp á foreldrasamtöl á vormánuðum en rík áhersla er á að foreldrar/forráðafólk geti alltaf óskað eftir samtali telji þeir þörf á því.

Skipulagsdagar skólaársins voru sex, þrír á haustönn og þrír á vorönn. Skipulagsdagarnir voru nýttir í fundi og fræðslu. Stjórnendahópur Miðborgar fundaði einu sinni í viku og deildarfundir voru áætlaðir á hálfsmánaðarfresti.

Í desember fór Tinna Sigurðardóttir leikskólastjóri í leyfi frá störfum og hún mun ekki snúa aftur til starfa. Ég hef ráðið tvo nýja aðstoðarleikskólastjóra sem hefja störf eftir sumarlokun. Það eru þau Bragi Ólafsson og Inga Sól Ingibjargardóttir, en bæði eru þau starfsfólk Miðborgar.

Mikið og gott samstarf hefur myndast við Listasafn Reykjavíkur í gegn um tíðina og í vetur fóru börnin á elstu deild leikskólans oft í heimsóknir þangað. Einnig tókum við þátt í barnamenningarhátíð Reykjavíkur í apríl en þar sungu börnin lög eftir Braga Valdimar á setningarathöfn hátíðarinnar og stóðu sig framúrskarandi vel.

Kæru foreldrar/forráðafólk, börn og starfsfólk í Miðborg, bestu þakkir fyrir gott og farsælt samstarf á skólaárinu sem nú er liðið. Við hlökkum til að takast á við ný og spennandi verkefni með ykkur á því næsta.





2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2024-2025

Innra mat (töfluna má fjölfalda fyrir hvern matsþátt)

Hvað var metið?	Heillaspor – myndrænt umhverfi Miðborgar
Hvernig fór matið fram?	Umræðumat, spurningalistar, athuganir á umhverfi
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Innleiðingarteymi, allt starfsfólk, foreldrar og börn
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það mátti bæta myndrænar merkingar í leikskólanum öllum og samræma á milli deilda og húsa. Fundnar voru myndir sem allir nota og sýna dagskipulag deilda. Þessi samfella gefur heildræna sýn á skólann. Einnig fundust tækifæri til að merkja leikefni barna með sambærilegum myndum og nærumhverfi þeirra í skólanum.

Ytra mat

Hvað var metið?	Rafræn spurningakönnun á vegum Sameykis fyrir Reykjavíkurborg, stofnun ársins.
Hvernig fór matið fram?	Rafrænt
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk Miðborgar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Það var almenn ánægja meðal starfsfólks í öllum þáttum könnunarinnar, hækkun var í tengslum við starfsanda, stjórnun, jafnrétti, sveiganleika í vinnu og sjálfstæði í starfi. Búið er að bæta alla hljóðvist í Lindarborg og vinnuaðstöðu með opnun Vörðuborgar sem sást í hækkandi skori í könnuninni.





3 Umbótaáætlun leikskólans 2025-2026

Þeir þættir sem eru metnir yfir allan leikskólann í heild sinni. Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Einnig skal taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur-	Innra mat
Umbótaþáttur/matsþáttur	Fræðsla og samstarf við foreldra
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að ná betur til foreldra og fræða þau um það starf sem fram fer í leikskólanum. Kynna þau fyrir starfi okkar og því sem börnin þeirra eru að fást við í daglegu starfi.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda fræðslukvöld fyrir foreldra leikskólans, fræðsluerindi um leikinn sem námsleið og hvaða hugmyndafræði leikskólinn vinnur eftir. Kynning á námskrá og almennum atriðum tengdum leikskólagöngu. Hafa reglulega viðburði þar sem foreldrar koma inn í leikskólann og taka þátt í starfi með börnum sínum.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í ágúst 2025 og áætluð lok eru sumar 2026.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Viðburðir metnir yfir árið með samtölum við deildarstjóra og starsmenn sem og spurningakönnunum til foreldra eftir viðburði.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Mæting og þátttaka foreldra, þeim mun betri mæting og virk þátttaka frá foreldrum inn í starf leikskólans er nýtt sem mælinkvarði, eins samtöl við foreldra og starfsmenn um þeirra upplifun af viðburðum. Spurningalistar sendir til foreldra þar sem þeir lýsa upplifun sinni.





4 Innra mat deilda 2024-2025

4.1 Skeljadeild

Skeljadeild er staðsett í starfsstöð Miðborgar við Lindargötu 26. Þar eru að jafnaði 24 börn í elstu árgöngum leikskólans. Nú í ár voru börn á aldrinum fjögurra til sex ára. Fasta starfsfólk deildar voru fjórir auk stuðnings fyrir þrú börn. Deildin er útbúin fjölbreyttum efnivið og mikið var lagt upp úr gönguferðum um nærumhverfi leikskólans.

Styrkleikar

Þolinmæði, jákvæðni, frumkvæði og góð samvinna hefur einkennt skólaveturinn á Skeljadeild. Deildarstarfsmenn upplifa mikla heild í starfsmannahópnum og upplifa traust og samvinnu við foreldra og börnin á deildinni. Foreldrar hafa verið áhugasamir að mæta á viðburði skólans. Mikið var unnið í vetur með tilfinningastjórnun barna og tilfinningagreind eflað í barnahópnum. Að venju var mikið um ferðir með börnunum þar sem stærstur hluti þeirra er að útskrifast. Ferðir gengu vel og sérstaklega seinni hluta skólaársins. Börnin hafa mikið um sitt nám að segja á deildinni og leiða þau daginn í leik og námi með aðstoð starfsfólks. Bók barnsins og þátttaka barnanna í gerð bókarinnar heldur áfram að vera öflugt allt skólaárið.

Tækifæri

Tækifæri eru til að laga skipulag í kring um ferðir utan leikskóla og auka öryggi barna og starfsfólks í leiðinni. Einnig er mikilvægt að halda deildarfundum reglulega en þeir féllu of oft upp fyrir. Skipulag fyrir starfsfólk deildarinnar var lagað síðari hluta skólaársins og skilaði það sjáanlegum árangri í starfinu með börnunum. Því verður því haldið til haga og fest meira í sessi. Lubbastundir sátu á hakanum þetta skólaár og því mikilvægt að koma sterk til leiks í haust aftur með Lubba.

4.2 Hæð (áður Regnbogaland)

Hæð er staðsett í starfsstöð Miðborgar við Barónstíg 34, þar eru að jafnaði 16 börn á deildinni. Í ár voru börn á aldrinum þriggja til fimm ára. Fasta starfsfólk deildar voru þrír auk stuðnings fyrir eitt barn. Í byrjun nóvember tók nýr deildarstjóri við deildinni. Deildin leggur áherslu á leikinn og að kennarar séu meðvitaðir um að efla málörvun barnanna allar stundir dagsins.





Styrkleikar

Deildinni gengur mjög vel að vinna með með Lubba, TRAS er tekið á öllum börnum deildarinnar, bók barnsins er mikið notuð með börnunum, borðspil eru mikið iðkuð í minni hópum, skoðum og og lesum bækur daglega. Kennarar hafa gert ríkulegt safn af myndatextum við sönglög deildarinnar sem börnunum er sýnt í söngstund og samverum og hjálpar mikið þeim sem eru að læra íslensku hjá okkur. Leikföng og skúffur eru merktar með myndum sem veitir börnunum öryggi og auðveldar þeim að velja efnivið. Orð eru settar á allar athafnir barnanna til þess að auka skilning og að þau læri íslensku vel.

Tækifæri

Efla má sjálfstæði barnanna, eins og í fataklefa. Hvetja þau til þess að gera sjálf með aðstoð frá kennara ef þarf. Auka má ferðir í nærumhverfi barnanna enda margt spennandi hægt að skoða í nálægð við leikskólann.

4.3 Kuðungadeild

Kuðungadeild er staðsett í starfstöð Miðborgar við Lindargötu 26, þar eru að jafnaði 16 börn. Þetta starfsárið voru börnin á aldrinum þriggja til fjögurra ára. Fastastarfsfólk deildar voru ríflega þrjú. Lagðar eru áherslur á flæði í leikskólastarfinu og að vinna með félagsfærni í barnahópnum. Byggt er áþekkingu sem fyrir er í leikskólanum og unnin eru einstaklings- og hópverkefni sem styðja börn í því að vinna saman. Allt starf í leikskólanum er nám í félagsfærni og leik barnanna geta þau æft sig í þeim þáttum sem félagsfærnin byggir á. Þar sem börnin voru eldri á deildinni en árið á undan var farið meira í ferðir með eldri hóp.

Styrkleikar

Kuðungadeild er samansett af börnum sem hafa verið hjá okkur á deildinni í 3 vetur og ný börn sem byrjuðu í vetur. Helstu styrkleikar Kuðungadeildar er mikil samheldni og vinátta í hópnum sem hefur byggst upp yfir skólaárið. Hópurinn er sjálfstæður og vinna vel saman, það hefur verið virkilega gaman að fylgjast með hvernig hópurinn hefur þróast yfir veturinn.





Tækifæri

Deildin mun yngjast aftur upp í haust, sem gefur bæði nýjar áskoranir sem og tækifæri til að breyta venjum og hefðum sem myndast hafa yfir síðustu ár á deildinni og halda þeim sem við erum ánægð með.

4.4 Holt (áður Krílakot)

Holt er staðsett í starfsstöð Miðborgar við Barónsstíg 34, þar eru að jafnaði 15 börn. Þetta starfsárið voru börnin á aldrinum eins til þriggja ára. Deildin fluttist frá Barónsborg í október 2024. Á Holti vinnum við með flæði fyrir þar sem að boðið er upp á einingakubba segulkubba, plúskubba, listasmiðju og hreyfingu. Börnin á deildinni fara í hópastarf 1x í viku í könnunarleik. Í könnunarleiknum fá börnin tækifæri til að örva skynfæri sín, þau fá tækifæri til að uppgötva og rannsaka eiginleika hluta án íhlutunar kennara og að lokum æfa þau notkun orða og hugtaka í rólegu umhverfi. Samverustundir eru á hverjum degi og þar er lögð áhersla á að syngja, lestur bóka og spjall. Útivera er á hverjum degi ef veður leyfir þar sem börnin geta notið sín í frjálsum leik. Unnið er með mánaðarpemu leikskólans á Holti. Öll börnin fara í Lubbastund 1x í viku og hvert máhljóð er tekið fyrir í 2 vikur.

Styrkleikar

Áherslan var að samverustundir væru skemmtilegar og lærdómsríkar stundir þar sem áhersla var lögð á málörvun og að öll börn fengju að njóta sín. Við nýttum okkur fjölbreyttar aðferðir eins og loðtöflusögur, söguskjóður, söng, lestur, leiki, hreyfisöngva, nafnasöngva og spjall. Áhersla var lögð á að vera með markvissa og meðvitaða skynjun á yngstu barna deildum. Við vildum bjóða uppá skynjun á sem fjölbreyttastan hátt og að börnin upplifðu sig örugg og virkir þáttakendur. Í vetur höfum við verið með könnunarleik, tekið snjó inn til að mála, unnið með bláber, unnið með ljósaborð, leirað og notað leikefni eins og skynjunarplatta til að ganga á, ljósabolta, þrautabraut, skynjunarbækur o.s.frv.





Tækifæri

Samverustundir hafa gengið mjög vel í vetur. Viðmið okkar um að öll börn njóti sín og séu virkir þáttakendur hefur gengið mjög vel. Okkur langar að halda áfram að vinna með samverustundir næsta skólaár og halda áfram að nýta fjölbreyttar aðferðir til að auka við málþroska barna. Okkur langar að bæta líka við hljóðfærum og að nota töflu til að teikna upp lög og sögur. Hafa skynjunarstundir markvissari en þær hafa verið t.d. fastan tíma í hverri viku og að starfsfólk vinni saman að hugmyndabanka.

4.5 Klöpp

Klöpp er staðsett í starfsstöð Miðborgar við Barónsstíg 34, þar eru að jafnaði 15 börn. Þetta starfsárið voru börnin tveggja ára. Klöpp er ný deild sem opnaði í haust. Um áramótin urðu deildarstjóraskipti þar sem deildarstjóri Klappar fór í launalaust leyfi. Hún hefur snúið aftur til starfa. Fastastarfsfólk deildar voru fjórir.

Styrkleikar

Lögð er áhersla á tilfinningalegt öryggi, gleði í leik og flæði á milli athafnaskipta, samverustundir, málörvun í gegnum söng og lestur bóka. Starfsmenn eru sammála um að hópurninn sé frábær, frábærir einstaklingar sem allir fá að njóta sín á sinn hátt. Mikil fjölmenningsdeild og fjölbreytt, lögð áhersla á að kenna íslensku og að allir séu glaðir og upplifi sig sem hluta af hópnum.

Tækifæri

Efla sjálfstæði í athöfnum við leik og skyldur. Að klæða sig, ganga frá leikföngum, þvo hendur, borða sjálfur og ganga frá eftir matartíma. Finna verkefni utandyra um vor og haust sem eru þroskaeflandi, tengd umhverfisskynjun og orðaforðaaukandi.

4.6 Krossfiskadeild

Krossfiskadeild er staðsett í starfsstöð Miðborgar við Lindargötu 26, þar eru að jafnaði 14 börn. Þetta starfsárið voru börnin á aldrinum eins til tveggja ára. Fastastarfsfólk deildar voru fjórir.





Styrkleikar

Unnið er með málörvun, félagsfærni og sjálfseflingu. Áhersla er lögð á að vinna út frá námi í gegn um leikinn. Námsumhverfi barnanna gert aðlaðandi og auðveldað börnunum aðgengi að efniviðnum sem í boði er. Við höfum verið dugleg á Krossfiskadeild að hafa mismunandi skynfæraleiki í boði fyrir börnin, t.d. hrísgrjón, leir, vatnsleiki svo eitthvað sé nefnt. Í matartíma er líka passað að kennarar sitji með börnum svo hægt sé að eiga samræður á meðan. Lubbi er mjög mikilvægur hjá okkur og reynum við að hafa hann með í daglegu starfi, við hengjum uppá vegg plaggöt með máhljóði vikunnar og tengjum það við börnin einnig hangir Lubba Hljóðstafrófið uppi á vegg í hæð barnanna. Frá því að börnin byrja hjá okkur á Krossfiskadeild þá kennum við þeim að ganga frá eftir matartíma sjálf og er ótrúlegt að sjá börn niður í 1.árs ná góðum tókum á því, við leyfum börnum einnig að prófa að skammta sér sjálf á disk og að hella í glös. Í fataklefanum þá erum við mikið að hvetja börnin að klæða sig sjálf og gerum við það sem við getum til þess að efla þau í því.

Tækifæri

Okkur langar til þess að auka við skynfæra efniviðin svo það sé hægt að hafa enn meira í boði fyrir börnin. Markmið okkar núna er að einblína á fjölbreyttari hreyfileiki og tengja það við skynfæri og málörvun, t.d. með hreyfilögum/hreyfileikjum o.fl.

5 Innra mat sérkennslu

Styrkleikar

Teymið sem sinnir sérkennslu í Miðborg síðastliðinn vetur er sterkt og hefur staðið sig vel. Öll börn sem njóta sérkennslu eru nú með sérsniðna einstaklingsnámskrá sem sérkennslustjóri ásamt stuðningsaðilum settu saman.

Vel hefur gengið að sinna allri sérkennslu innan barnahópsins og að virkja börn til almennrar þátttöku í daglegu starfi leikskólans. Samstarf við þjónustumiðstöð hefur verið mikið í vetur og gengið afar vel og höfum við fengið góða og mikla leiðsögn frá sérfræðingum miðstöðvarinnar sem starfsfólk, og barnahópurinn, hefur notið góðs af.

Vel hefur gengið að sinna allri skimun og skráningum til að fylgjast með námi barnanna. Eins hafa teymisfundir og foreldrasamstarf gengið vel með reglulegum fundum og samtölum.



Tækifæri

Byggja á góðri reynslu sem síðastliðinn vetur gaf í gerð einstaklingsnámskráa og styrkleika teymisins. Nýta þessa reynslu í snemmtækri íhlutun inni á deildum svo hægt sé að grípa fyrir inn í ef grunur er um frávík. Reglulegir lausnateymisfundir hafa reynst vel og verið vettvangur sem deildarstjórar geta fengið leiðsögn frá samstarfsfólki og sérfræðingum og við munum halda þeim áfram.

5.1 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Styrkleikar

Innleiðing á myndrænu skipulagi og merkingarbært umhverfi barnanna hefur gengið vel og er langt á leið komin. Myndirnar hvetja til samtala við börnin um umhverfi þeirra og daglegt starf á leikskólanum. Myndræna skipulagið hefur einnig reynst vel í samstarfi við foreldra þar sem þau fá skýrari mynd af starfi og starfsfólki leikskólans.

Vel hefur gengið að nýta þau matstæki sem við notum, s.s. hæfniramar, TRAS, EFI-2 og HLJÓM 2 til þess að fylgjast með stöðu og framförum barnanna í íslensku máli. Einnig hefur starfsfólk verið duglegt að fylgja málstefnu leikskólans þar sem einungis á að tala íslensku á svæðum barnanna, þetta leiðir til þess að börnin eru í ríkulegra íslensku málumhverfi á degi hverjum. Almennur skilningur er á mikilvægi þess að í okkar fjölbreytta málumhverfi sé íslenskan okkar sameiginlega mál. Skólanámskrá leikskólans kom út síðasta haust og hefur það reynst vel því þar er að finna samræmda sýn okkar á starfi og hugmyndafræði leikskólans okkar.

Vel hefur gengið að vera í samtali við foreldra með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn og þátttaka erlendra foreldra í viðburðum á vegum leikskólans hefur mikil og góð.



Tækifæri

Viðhalda sjónrænu og merkingarbæru umhverfi leikskólans. Halda áfram að búa til tækifæri til málörvunar í umhverfi barnanna með myndum og lesefni sem er aðgengilegt börnum.

Vinna er að hefjast með læsisáætlun leikskólans og með þeirri vinnu getur starfsmannahópur sameinast enn meir um hvaða markmið við höfum þegar kemur að læsi og máli barna okkar og hvaða leiðir við tökum til að ná þeim markmiðum

Námsefnið Lubbi finnur málbein er notað en það eru tækifæri til að endurvekja og efla Lubbateymið og skoða hvernig útfæra megji námsefnið fyrir hverja deild svo efnið nýtist sem best öllum börnum leikskólans.

6 Starfspróunarsamtöl og fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Skipulagsdagar voru nýttir á fjölbreyttan hátt. Við byrjuðum starfsárið á að fá Sigríði Ólafsdóttur professor í málvísindum til að halda fyrirlestur um málörvun barna og tvítyngi. Því næst var heill starfsdagur nýttur í grunnnamskeið Heillaspora þar sem við fræddumst um leiðandi vörður þeirra. Sorgarmiðstöðin hélt erindi um sorgarviðbrögð barna og Halldóra Geirharðsdóttir kenndi okkur um seiglu í starfi. Stefnt var á að fara á ráðstefnuna Leikur og samskipti, hjartað í námi barna en rauð veðurviðvörðun setti sinn strík í þá áætlun. Kristín Björk Jóhannesdóttir kom og hélt erindi um Heillaspor. Annars voru skipulagsdagar nýttir í mat á starfsháttum deilda og skipulagningu þeirra.

Leikskólastjóri tók starfspróunarviðtöl við allt starfsfólk Miðborgar á vormánuðum.

Í upphafi leikskólaársins 2025 hefur verið ákveðið að halda skyndihjálparnámskeið fyrir starfsfólk Miðborgar en við teljum það mikilvægan þátt í að starfsfólk sé öruggt í starfinu með börnunum.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöva

Skilafundir eru vegna allra barna sem hefja grunnskólagöngu sína í Austurbæjarskóla, deildarstjóri á deild elstu barna og sérkennslustjóri sækja þessa fundi. Markvisst samstarf milli leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðvar var í lágmarki en börnunum var boðið í heimsókn á vorönn í Austurbæjarskóla og Draumaland. Breyting var gerð að þessu sinni og einungis farið með þau börn sem munu hefja nám í Austurbæjarskóla í heimsóknina. Þessi breyting reyndist vel þar sem börnin





sem fóru voru í minni hóp en vant er og er mat þeirra kennara sem fóru með að börnin hefðu notið heimsóknarinnar mun betur en fyrri ár.

8 Foreldrasamvinna

Starfrækt er foreldraráð í leikskólanum Miðborg, hlutverk þess er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Einnig skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Foreldraráð starfar að verkefnum sínum í samræmi við starfsreglur foreldraráðs Miðborgar og samkvæmt lögum um leikskóla nr.90/2008. Starfandi er foreldrafélag í leikskólanum Miðborg. Allir foreldrar eru hvattir til þess að vera virkir þátttakendur í starfi leikskólans með börnum sínum ásamt þeim viðburðum sem foreldrafélagið stendur fyrir. Foreldrafélagið hefur staðið fyrir jólaskemmtun, sveitaferð og sumarhátíð.

Foreldrum er boðið upp á formlegt samtal einu sinni á ári, að hausti eða vori þar sem farið er yfir líðan og þroska barna en auk þess eru foreldrar hvattir til að biðja um samtal á öðrum tímum ef þeir óska þess sem og að deildarstjórar hafa samband aukréttis ef til þess þarf. Þegar barn er að hefja leikskólagöngu sína í Miðborg eru foreldrarnir boðaðir í fyrsta viðtal áður en skólangangan þar sem starfsemi skólans og deildar barnsins er kynnt. Í Miðborg er unnið út frá þátttökuaðlögun þar sem foreldrar eru með börnum sínum í aðlögun og kynnast starfi skólans, umhverfi og starfsfólki.

Foreldrum með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn er boðið upp á að hafa túlk í fyrsta viðtali og jafnvel fyrsta daginn í aðlögun. Að hausti halda allar deildar Miðborgar kynningarfund um starf vetrarins og boðið upp á uppeldisfræðilegan fyrirlestur fyrir kynningar deilda.

Unnið er að því að auka þekkingu foreldra á leikskólalífi barna í íslensku samfélagi og skapa traust milli skóla og foreldra með góðum og jákvæðum samskiptum. Í ár var foreldrum boðið ca. einu sinni í mánuði inn á deild barnsins síns þar sem börn, foreldrar og starfsfólk áttu notalega stund saman og styrktu tengslin sín á milli og við starfsfólk. Til dæmis var kynningarfundur að hausti, piparkökumálun og vinnustöðvar með bók barnsins svo eitthvað sé nefnt. Í vetur eru þessar foreldrastundir komnar inn í skóladagatalið. Mikill fjölbreytileiki er í starfsmannahópnum sem leiðir til þess að fjölskyldur með annað tungumál og ólíka menningu er mætt með skilningi og víðsýni.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar skólaárið 2025-2026-Birt með fyrirvara um breytingar:

22. ágúst 2025, föstudagur

2. október 2025, fimmtudagur-sameiginlegur í vesturbæ,miðbæ og hlíðum

28. nóvember 2025, föstudagur

2. janúar 2026, föstudagur

6. febrúar 2026, föstudagur-sameiginlegur í vesturbæ, miðbæ og hlíðum

4. maí 2026, mánudagur-sameiginlegur í vesturbæ, miðbæ og hlíðum

Leikskóladagatal 2025 - 2026

Nafn leikskóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F	1 M	1 M	1 L	1 M Fullveldisdagurinn	1 F Nýársdagur	1 S	1 S	1 M Skráningardagur	1 F Verkalýðsdagurinn	1 M	1 M
2 L	2 M	2 F Starfsdagur	2 S	2 M	2 F Starfsdagur	2 M	2 M	2 F Skráningardagur	2 L	2 M	2 F
3 S	3 M	3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 M	3 F Postudagurinn langi	3 S	3 M	3 F
4 M Frídagur vaxunarmáls	4 F	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 M	4 L Starfsdagur	4 F	4 L	4 L
5 M Sumaríðun	5 F	5 S	5 M	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S Þakksdagur	5 M	5 F	5 S
6 M Sumaríðun	6 L	6 M	6 F	6 L	6 M Þrettándinn	6 F Starfsdagur	6 F	6 M Annar í Þakum	6 M	6 L	6 M
7 F	7 M	7 F	7 F	7 S	7 M	7 L	7 L	7 M	7 F	7 S Sjómanna dagurinn	7 M
8 F	8 M Dagur læsis	8 M	8 L Barntudagur gegn Læsti	8 M	8 F	8 S	8 S	8 M	8 F	8 M	8 M Sumaríðun
9 L	9 M	9 F	9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 F	9 L	9 M	9 F Sumaríðun
10 S	10 M	10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 M	10 S	10 M Skólastítt grunnskóla	10 F	10 F Sumaríðun
11 M	11 F	11 L	11 M	11 F Þakksdagurinn	11 S	11 M Dagur íslenskra Miðmanna	11 M	11 L	11 M	11 F	11 L
12 M	12 F	12 S	12 M	12 F Litlu jólin	12 M	12 F	12 F	12 S	12 M	12 F	12 S
13 M	13 L	13 M	13 F	13 L	13 M	13 F	13 F	13 M	13 L	13 M	13 F Sumaríðun
14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 M	14 L	14 L Dagur stærktæðinn	14 M	14 F Upptöfningsdagur	14 S	14 M Sumaríðun
15 F	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 S	15 S	15 M	15 F	15 M	15 M Sumaríðun
16 L	16 M	16 F Dagur íslenskra nátt	16 F	16 S Dagur íslenskra tungu	16 M	16 M Bolludagur	16 M	16 F	16 M	16 F	16 F Sumaríðun
17 S	17 M	17 F Foreldrafétt 14:30	17 M	17 M	17 L	17 M Sprengingardagur	17 M	17 F Foreldrasöngurinn	17 S	17 M Lyðveldisdagurinn	17 F Sumaríðun
18 M	18 F	18 L	18 M	18 F Kalda í gæðum	18 S	18 M Óskudagur	18 M	18 L	18 M	18 F	18 L
19 M	19 F	19 S	19 M	19 F	19 M	19 F Skráningardagur	19 F	19 S	19 M	19 F Sumaríðun	19 S
20 M	20 L	20 M	20 F Dagur mannréttinda	20 L	20 M	20 F Skráningardagur	20 F	20 M	20 M	20 L	20 M Sumaríðun
21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 M	21 L	21 L	21 M	21 F	21 S	21 M Sumaríðun
22 F Starfsdagur	22 M	22 M	22 L	22 M	22 F	22 S Konudagur - upphaf	22 S	22 M	22 F Umhverfisdagur	22 M	22 M Sumaríðun
23 L	23 F	23 F	23 S	23 M Þorláksmessa	23 F Blótdagur - Upphaf Þóna	23 M	23 M	23 F Sumardagurinn fyrsti	23 L	23 M	23 F Sumaríðun
24 S	24 M	24 F Skráningardagur	24 M	24 M Afmælingardagur jóla	24 L	24 M	24 M	24 F	24 S Hvítasunnudagur	24 M	24 F Sumaríðun
25 M	25 F	25 L Fyrsti vetrardagur	25 M	25 F Jóladagur	25 S	25 M	25 M	25 L	25 M Annar í Hvítasunni	25 F	25 L
26 M	26 F	26 S Tungumáladagur	26 M	26 F Annar í jólam	26 M	26 F	26 F	26 S	26 M	26 F	26 S
27 M	27 L	27 M Skráningardagur	27 F	27 L	27 M	27 F Þók barnsins	27 F	27 M	27 M	27 L	27 M Sumaríðun
28 F	28 M	28 F Skráningardagur	28 F Starfsdagur	28 S	28 M	28 L	28 L	28 M	28 F	28 S	28 M Sumaríðun
29 F	29 M	29 M	29 L	29 M Skráningardagur	29 F	29 S	29 S	29 M	29 F	29 M	29 M Sumaríðun
30 L	30 F	30 F	30 S	30 M Skráningardagur	30 F	30 M	30 F	30 L	30 M	30 L	30 F Sumaríðun
31 S	31 F	31 F	31 M	31 M Gamlársdagur	31 L	31 M	31 M Skráningardagur	31 S	31 S	31 F	31 F Sumaríðun

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:
Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þeir skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þeir geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Skráningardagur í leikskólum eru tíu og gjöld lækkuð vegna þessa. Foreldrar sem þurfa vistun þessa daga sækja sérstaklega um það og greiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarfétti. Leikskólastjóri ákveður, að hófuð samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hvern leikskóla stjórnað leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.





F. h. leikskólans

Ösp Jónsdóttir

Leikskólastjóri

Dagsetning





10 Fylgiskjöl

Fylgiskjal

Starfsáætlun 2024 – 2025 Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Anna Guðrún Guðmundsdóttir

Sigurður Vignir Jóhannsson

Snæbjörn Guðmundsson





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Umsögn foreldraráðs vegna starfsáætlunar Miðborgar 2025–2026

Starfsáætlun Miðborgar fyrir leikskólaárið 2025–2026 er ítarleg, skýr og gefur góða mynd af stefnu leikskólans og daglegu starfi á öllum deildum. Í áætluninni er greinilega sýnilegt hvernig unnið er áfram með Heillaspor og flæði í leik, ásamt því að byggja upp myndrænt og aðgengilegt umhverfi fyrir börnin. Þessi áhersla á leik sem helsta námsleið, lýðræði og virka þátttöku barna kallast vel á við aðalnámskrá leikskólanna (sem hafa gildin: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun) og þau gildi sem við sem foreldrar viljum sjá í leikskólastarfi. Það virðist vera aðeins munur á milli deilda hversu skipulögð málörvun er, en virðist vera sem Lubbastundir séu á flestum deildum. Þetta mætti vera skýrara í starfsáætlun.

Það er sérstaklega ánægjulegt að sjá starfsemi Miðborgar í nýlegu og vel hönnuðu húsnæði í Vörðuborg. Við teljum að bætt aðstaða þar, bæði fyrir börn og starfsfólk, stuðli að meiri ánægju, ró og vellíðan og að það skili sér í enn öflugra leik- og námsumhverfi fyrir börnin. Þá er tekið á því í starfsáætluninni hvernig samræma á starf á milli starfsstaða og nýta styrkleika hvers húss á faglegan hátt.

Stjórnendur Miðborgar standast vel þær áskoranir sem fylgja fjölmenningu, sem er mikil í Miðborg. Greinargóðar upplýsingar má finna um hvernig er haldið utan um börn með annað móðurmál en íslensku. Einnig sést ánægja barnanna og starfsfólks, sem hefur fjölbreyttan bakgrunn, í daglegu starfi leikskólans. Fjölmenningin fær að blómstra í Miðborg og kostir hennar eru nýttir í skólastarfinu. Jafnframt er gott að sjá að vel sé haldið utan um sérkennslu, með einstaklingsmiðuðum áætlunum og að úrræði á borð við lausnateymisfundi séu nýtt.

Foreldraráð fagnar því sérstaklega hve áhersla er lögð á samstarf við foreldra, reglulega viðburði og skýra upplýsingagjöf. Kynning að hausti um leik og lærdóm, þar sem starf deilda og hugmyndafræði skólans var kynnt fyrir foreldrum, hefur verið einstaklega vel heppnuð og vakið mikla ánægju meðal foreldra. Þar var einnig gott tækifæri til þess að fá meiri upplýsingar frá deildarstjórum um daglega starfsemi deildanna. Slík fræðsla og opið samtal styrkir traust á milli heimilis og skóla og gerir foreldrum kleift að fylgja betur eftir leik og námi barna sinna.





Lesið má í starfsáætlunina vilja til síðróunar, endurbóta og eftirfylgni. T.d. hefur innra mati leikskólans frá 24-25 hefur verið fylgt eftir með auknum myndrænum merkingum sem foreldrar hafa orðið varir við. Þetta endurspeglast í starfsáætlun og daglegu starfi Miðborgar.

Starfsáætlunin er með umsögn þessari samþykkt af hálfu foreldraráðs Miðborgar.

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu

Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.





Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



